

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 98/1988.

Árni Jóhannesson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Kaupfélags**Vestur-Barðstrendinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Skuldamál. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1988. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt frá og með þinghaldi 12. júní 1987 og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var munnlega flutt hér fyrir dómi, krafðist stefnda frávisunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga var tekið til gjaldþrotaskipta 18. nóvember 1987, og er skiptum ólokið.

Fyrir héraðsdómi lýsti áfrýjandi yfir því, að krafa Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga væri rétt. Áfrýjandi hafði hins vegar uppi í héraði gagnkröfu, að fjárhæð 136.835,22 kr., og voru vextir þar með taldir. Héraðsdómur var kveðinn upp 18. janúar 1988. Var hin viðurkenna krafa kaupfélagsins tekin til greina ásamt vöxtum og málskostnaði. Héraðsdómari vísaði hins vegar gagnkröfu áfrýjanda frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Með bréfi 7. febrúar 1988 lýsti áfrýjandi kröfu, að fjárhæð 175.858,39 kr., í þrotabú kaupfélagsins. Hér var um að ræða sömu kröfu áfrýjanda og hann hafði haft uppi til skuldajafnaðar í héraði, en að vísu nokkru hærri. Í kröfunni í þrotabúinu voru vextir með taldir. Hinn 10. mars 1988 tók bústjóri þá afstöðu til kröfunnar, að hún skyldi samþykkt sem almenn krafa, samtals að fjárhæð 175.838,00. Var áfrýjanda tilkynnt þetta svo og, að skiptafundur í þrotabúinu yrði haldinn 17. mars 1988.

Var krafa áfrýjanda samþykkt þar þannig, að vöruúttekt hans, að fjárhæð 17.138,00 kr., kom til frádráttar. Er óumdeilt, að mismunurinn, að fjárhæð 158.700,00 kr., var samþykktur sem almenn krafa áfrýjanda í þrotabúið.

Í aðalkröfu áfrýjanda felst krafa um, að gagnkrafa hans í héraði verði endurupptekin til dómsálagningar, enda þótt krafan hafi verið lögð fyrir skiptarétt og samþykkt þar. Þegar áfrýjandi lýsti kröfu sinni í þrotabúið, gerði hann eigi, svo að séð verði, neinn fyrirvara um það, að hann hygðist áfrýja héraðsdómi til ómerkingar, heimvísunar og dómsálagningar að nýju. Skiptarétturinn var að svo komnu réttur úrskurðaraðili um hina lýstu kröfu í búið, sbr. 35. gr. skiptalaga, nr. 3/1878, og tók hann kröfuna til greina. Því er og lýst yfir af hálfu þrotabúsins, að krafan sé hæf til skuldajafnaðar samkvæmt 32. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, en áfrýjandi hefur ekki lýst skuldajöfnuði. Ber þegar af þessum ástæðum að hafna aðalkröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun málsins.

Áfrýjandi samþykkti kröfu stefnda í héraði. Hann mótmælir hins vegar málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Á hann rétt á efnisúrlausn um það atriði. Kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti er því hafnað.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þar á meðal ákvæði hans um vexti, sem aðilar deila ekki um, og málskostnað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 18. janúar 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. október 1987, hefur Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga, nafnr. 5579-4545, Aðalstræti 62, Patreksfirði, höfðað fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu gegn Árna Jóhannessyni, nnr. 0522-8034, áður til heimilis að Saurbæ, Rauðasandshreppi, en nú til heimilis að Fífustöðum, Ketildalahreppi, Barðastrandarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 116.060,90 kr. auk 3,75% dráttarvaxta frá 1. febrúar 1986 til

1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2.25% frá þeim degi til 1. mars 1987 til 15. apríl (sic) 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sönnunargögn eru reikningsyfirlit, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins 15.5. 1987.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttar um greiðslur fjárskuldbindinga.

Stefndi, Árni Jóhannesson bóndi, var við þingfestingu málsins 15. maí 1987. Hann kvað aðalkröfu málsins vera rétta, en hann ætti gagnkröfu á hendur stefnanda, því að hann kvaðst eiga kröfu vegna vangoldinna sauðfjár- og nautgripaafurða frá stefnanda. Umboðsmaður stefnanda mótmælir gagnkröfunni. Málinu var frestað til greinargerðar af hálfu stefnda til föstudags 12. júní 1987.

12. júní leggur stefndi fram greinargerð sína með formlegri gagnkröfu. Einnig leggur hann fram fjóra afurðaseðla frá Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga og skýrslu framleiðsluráðs landbúnaðarins ásamt tveimur fylgiskjölum. Áskorunarmálinu er vikið til venjulegrar meðferðar stefnda og gagnkröfu. Málinu var frestað til greinargerðar af hálfu stefnanda vegna gagnkröfu til 4. september 1987. Dómari óskaði eftir því við stefnda, að hann skilaði nákvæmari greinargerð, og tók stefndi með sér „uppkast“ það, sem hann hafði gert. Dómari gætti ætíð leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda.

Hinn 4. september skilaði stefndi loks greinargerð sinni. Málinu var nú frestað til 18. september með samkomulagi beggja aðila til greinargerðar af hálfu gagnstefnda. Hinn 18. september var málinu síðan frestað til 16. október.

Hinn 16. október leggur stefnandi fram greinargerð sína vegna gagnkröfu til skuldajafnaðar. Stefndi leggur fram sem nr. 9 v/yfirlits yfir lokaverð fyrir 1984 og nr. 10. ljósrit úr búnaðarblaðinu Frey.

Dómari leiðbeindi nú stefnda um það að afla staðfestra gagna eða upplýsinga um lokaverð á sauðfjárafurðum fyrir árið 1984 frá framleiðsluráði landbúnaðarins. Stefndi fellst ekki á sjónarmið dómara og kveðst vita, hver endir mála yrði, og yfirgefur réttarsalinn. Dómari leit svo á með hliðsjón af framkomu stefnda, að nú væri gagnaöflun lokið. Að kröfu umboðsmanns stefnanda var málið dómtekið.

Málið verður nú dæmt eftir skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram í réttinum, og öðrum gögnum. Gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar er svohljóðandi, sbr. dómस्कjal nr. 5:

„Frystigjald af nautakjöti, 5 kr. af kg, að upphæð 15.503,40 kr. Sem er frá 1.11. 1984 228,50 kr. með alm. vöxtum. Dráttarvextir til 1. júlí 1987 21.821,33 kr. Samtals með vöxtum 35.553,23 kr.

Vangreitt grundvallarverð af sauðfjárafurðum, 7.391,72 kr. Alm. vextir frá 1.11. 1984 til 31.12. 1985 209,92 kr. Endurgreiðsla á 1. og 2. flokk af dilka-kjöti, sem átti að greiða í maí og september 1984. Fyrri greiðslan hefur komið til skila, en septembergreiðslan ekki. Grunntalan af henni er 654,00 kr., alm. vextir af henni frá 1.11. 1984 til 31.12. 1985 18,58 kr. Dráttarvextir eru á vangreiddum sauðfjárafurðum 9.752,59 kr. Samtals 18.026,91 kr.

Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi, sem átti að fara sem viðbótarverð af nautakjöti 1984, sem er kr. 11,15 af kg, var aldrei greitt í viðskiptareikning bænda. Grunntalan er 35.553,93 kr. Almennir vextir 44.691,21 kr. Samtals 81.255,08 kr.

Samtals kröfur á hendur Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga með vöxtum eru 136.835,22 kr.“

Stefndi hefur ekki sannað gagnkröfur sínar nægilega vel. Hann hefur lagt fram fjóra afurðaseðla frá Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga og telur, að ýmist einingarverð á afurðunum sé vanreiknað. Eigi er unnt að taka afstöðu til þessarar fullyrðingar stefnda, nema aflað sé staðfestra upplýsinga, t.d. frá framleiðsluráði landbúnaðarins, hvert var endanlegt afurðaverð til bænda árið 1984. Stefnda var bent á að afla þessara gagna af dómara, en hann hafnaði því. Stefndi lagði fram ýmsar skýrslur frá framleiðsluráði landbúnaðarins, en þar var ekki tekið á framangreindu álitafni, sbr. dskj. nr. 7.

Enn fremur lagði stefndi fram blaðagrein úr búnaðarblaðinu Frey, en þar eru upplýsingar líka ófullnægjandi. Enn fremur hefur stefndi lagt fram á dskj. nr. 9 yfirlit yfir það, sem hann sjálfur telur lokaverð ársins 1984. En þessar upplýsingar eru með öllu óstaðfestar. Gagnkröfu stefnda er því vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Stefndi hefur ekki mótmælt aðalkröfu stefnanda, sbr. stefnu, enda hefur stefnandi lagt fram fullnægjandi gögn til stuðnings kröfum sínum.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans, en dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumanns.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Árni Jóhannesson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga, 116.060,90 kr., auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 1. febrúar 1986 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess greiði stefndi stefnanda 21.915,00 kr. í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15. dögum frá lögbirtingu hans.